

Moth. 19/2 70.

S T A R F S S K Y R S L A .
=====

1 9 6 9
=====

Gróðrarstöðin Tímastöðum.
=====

Veðurfar ársins.

Veturinn (jan.- marz). Janúar, úrkoma með minna móti og oftast í formi regns, svo jörð var oftast auð, að öðruleiti kaldur og veðrasamur.

Febrúar einn sá kaldasti sem komið hefur um langt árabil jörð oftast auð og mikið um svellalög, klaki var um 1 metra í jörðu.

Marz, köld tíð framanaf en síðan umhleyppinga söm.

Veturinn var því snjóléttur, frost harður og mikið um svellalög. Vorið (þ apríl- maí). Apríl, óvenju mikil úrkoma sérstaklega framan af en þó köld tíð einkum er líða tók á mánuðinn.

Maí fremur úrkomu lítil, síðasti snjór kom 12. maí. klaki var ekki farinn úr jörðu um mánaðarmótin maí/júní.

Vorið var því með veðurskilyrði undir meðallagi.

Sumarið (júní- septemb.). Júní var í meðallagi hlýr en úrkomusamur og mikil úrkoma, jarðvegurinn oftast gegnsósa og óhæg tíð til úti verka, síðasta nætur-frost kom 3. júní. Úrkomulaust í 6 daga í mánuðinum,

Júlí, óvenju köld tíð var í mánuðinum svo ekki hefur það verið verra um árabil. Frost gerði 18-19. júlí svo kartöflugrös féllu hér í nágrenni við okkur. Úrkomulaust var í 11 daga og voru þeir í fyrrihluta mánaðarins.

Ágúst var í meðallagi hlýr og nokkuð hlýrri en júlí sem venjulega er 1 gr. hlýrri. Úrkomulaust var í 3 daga.

September var kaldari en venjulega og aðeins 2 dagar þurrir. Fyrsta næturfrost kom milli 9.-10. og 25. fór að frysta og snjóa í fjóra daga og er það mjög óvenjulegt.

Sumarið var eftirminnilegt frá byrjun til síðasta dags. Kalt, úrkomusamt svo að ekki voru nema 22 þurrir dagar, og því óhentugt til allra úti verka.

Haustið (okt.-nóv.). Október hlýr en mikil úrkoma og var aðeins 1 dagur þurr, 29. fór að frysta og fór frost ekki úr jörðu úr því.

Nóvember, það snjóaði fyrrihluta mánaðarinnar en mánuðurinn að öðruleiti kaldur og frost alla daga nema 2, mikið um svellalög.

Desember var umhleypingasamur og í kaldara lagi.

Árið 1969 var því okkur sunnlendingum minnisstætt.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Birkiskjólbeltin hér á staðnum voru orðin laufguð 3. júní og vekur það nokkra undrun vegna þess að klaki var þá ekki farinn úr jörðu og vorið fremur kalt, þó var nokkuð mikið sólfar. Lauffall varð 6. okt. Lerkitré sem hér eru á staðnum laufguðust 16. maí.

Vöxtur trjáa var í meðallagi á flestum tegundum, en vöxtur á sitkagreni sem stóð af sér hretið 1963 er nú að því er virðist kominn í eðlilegt horf, en hann var mjög lítil fyrir árin eftir hretið.

Fræfall. Það var töluvert af reklum á birki síðastliðið haust en fræið reyndist vera ónýtt og því ekki safnað. Nokkuð var af X könglum á sitkagreni og var því safnað. Ekki var lögð áherzla á söfnun lúpínufræs.

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði ekki fyrr en um mánaðarmótin apríl/maí og lauk að mestu um mánaðarmótin sept./okt.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni kr. 650.207,80 og fór sama og ekkert af því út úr hreppnum eða aðeins kr. 30.320,00 og vonast ég til að svo verði enn um skeið.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

jan. feb. marz apr. maí júní júlí ág. sept. okt. nóv. des.

| | | | | | | | | | | | | | |
|-------|---|---|---|----|----|----|----|----|----|---|---|-----|-----|
| Kon. | | | | 11 | 47 | 30 | 10 | 6 | | | | 104 | |
| Karl. | 4 | 4 | 4 | 5 | 12 | 22 | 16 | 20 | 9 | 6 | 6 | 4 | 112 |
| | 4 | 4 | 4 | 5 | 23 | 69 | 46 | 30 | 15 | 6 | 6 | 4 | 216 |

Gróðrarstöðin.

Fræplöntur. Kostnaður við fræplöntur var kr. 98.646,35. Sáð var 13,2 kg. í 529 m² þar af birki 100m² í plastgróðurhús. Sáningin kom vel til og leit mjög vel út í haust nema birki sem sáð var í gróðurhúsið, en það varð fyrir miklu skakkafalli og er mjög gisið. 2/0 plöntur eru í góðu ásigkomulagi og allar hæfar til dreifsetningar.

Dreifsetning. Kostnaður við dreifplöntur varð kr. 117.461,33. Dreifsettar voru 244.600 stk af skógarplöntum hér í gróðrarstöðinni í sumar og er það nokkru meira en verið hefur. Vöxtur plantna sem dreifsettar voru í sumar varð mjög lítill, en á eldri dreifsetningar plöntum varð vöxturinn í meðallagi.

Umbúnaður. Vegna þess hvað holklaki hefur verið mikill, skerum við nú torf og leggjum á kanta ný dreifsettra, plöntu beða. Eins og áður eru settar upp skjólgrindur í aðra hverja götu í dreifsetningunum og lim lagt yfir beðin.

Afhending. Afhentar voru 146.385 stk. af skógarplöntum, 85.900 stk. af plöntum til dreifsetningar og 13.217 stk. af garðplöntum eða samtals 245.502 stk. Bókfært verð þeirra þegar afsláttur hefur verið dregin frá varð kr. 465.736,35 kr. og söluskattsskyldar plöntur voru 179.924,35 kr.

Annað. Girðing sem er utan um gróðrarstöðina meðfram Grófinni var orðin gjörónýt og var því ekki um annað að gera en að girða

hana upp á nýtt og fórum við í það síðarihluta sumars og endurgirtum 900 m. af henni, net og 3strengir gaddavír en hún var áður úr gaddavír, ekkert var hægt að nota af efni því sem upp var tekið. Þetta var nokkuð kostnaðarsamt vegna þess að á þessum 900 m. kafla eru 10 horn en við girtum með Grófinni til þess að missa ekkert af landinu, en með Grófinni eru skjólgóðar brekkur og gerum við ráð fyrir að planta í þær á vori komandi.

Byggingar. Lokið var við að klæða að innan verkstæðið og mála veggi eins að koma þar fyrir vinnuborði. Gengið var frá áfellum og sólbekkjum í stofu í íbúð þeirri er ég bý í og mála hana. Norður stafa á verkfærageymslu (bragga) sem stendur nyrst í græðireitnum hrundi og var endurbyggður.

Sundurliðun Kostnaðarreiknings.

=====

Innheimtu- og greiðslufé

| | | |
|----------------------------|-----|-----------|
| Söluskattur af plöntum ... | kr. | 12.552,80 |
| Fraktgjöld | - | 550,00 |
| | kr. | 13.102,80 |

Gróðrarstöð.

| | | |
|----------------------------|-----|------------|
| Verkstjórn | kr. | 182.938,70 |
| Fréplöntur | - | 93.646,35 |
| Dreifplöntur | - | 117.461,33 |
| Garðplöntur | - | 55.054,21 |
| Freinsun plantna | - | 92.379,39 |
| Vetrarumb. | - | 47.771,09 |
| Skjólbelti | - | 16.144,46 |
| Viðh. gróðurh. og vermir.. | - | 16.741,63 |
| Viðh. lóða, vega, girðing. | - | 31.812,57 |
| | kr. | 658.949,69 |

Dráttarvélur.

| | | |
|----------------------------|-----|-----------|
| Reksturskostnaður | kr. | 5.780,40 |
| Viðhaldskostnaður | - | 9.210,55 |
| Skattar og tryggingar | - | 518,00 |
| | kr. | 15.508,95 |

Rekstur verkfæra.

| | | |
|-------------------------|-----|-----------|
| Reksturskostnaður | kr. | 2.400,00 |
| Viðhaldskostnaður | - | 6.912,44 |
| Ný verkfæri | - | 14.136,00 |
| | kr. | 23.448,44 |

Rekstur fasteigna.

| | | |
|----------------------------|-----|-----------|
| Viðhald | kr. | 47.991,12 |
| Lýsing og hitun | - | 44.037,20 |
| Skattar og tryggingar | - | 5.017,00 |
| | kr. | 97.045,32 |

Skrifstofukostnaður.

| | | |
|----------------------|-----|----------|
| Póstur og sími | kr. | 5.351,50 |
| Ritföng | - | 1.060,00 |
| Ymislegt | - | 521,00 |
| | kr. | 6.932,50 |

Ymis gjöld.

| | | |
|----------------------------|-----|-----------------|
| Þekur og tímarit | kr. | 325,00 |
| Opinb. gjöld áður ótalin . | - | 1.720,00 |
| | kr. | <u>2.045,00</u> |
| | | ===== |

Skattar og tryggingar.

| | | |
|----------------------------|-----|------------------|
| Launaskattur | kr. | 13.075,00 |
| Iðgjöld almannatrygginga . | - | 13.705,00 |
| | kr. | <u>26.705,00</u> |

Ymis rekstur.

| | | |
|---------------------------|-----|------------------|
| Múlakot | kr. | 32.545,12 |
| Fræsöfnun | - | 1.811,32 |
| Resting og viðleguk. | - | 3.857,76 |
| | kr. | <u>38.214,20</u> |
| | | ===== |

Samtals kr. 881.951,90
=====

Sáningar.

=====

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | kg. | m ² |
|----------|-------------------|-------------------|-------|----------------|
| B-346 | Brodd/blágreini . | Sapinero | 0,05 | 3 |
| B-675 | Stafafura | Sitka | 0,20 | 6 |
| B-688 | Stafafura | Wedelsbg. | 0,65 | 54 |
| B-702 | Rauðgreini | Namdalseid | 0,35 | 12 |
| B-703 | Rauðgreini | Verran-Levanger . | 0,42 | 24 |
| B-713 | Sitkagreini | Cordova | 2,62 | 108 |
| B-715 | Broddfura | Park. Oo. | 0,09 | 3 |
| B-716 | Sveigfura | | 0,60 | 131 |
| B-720 | Bergfura | Clasenbg. | 1,00 | 72 |
| B-721 | Svartgreini | Alberta | 0,02 | 3 |
| B-723 | Lerki | Altai | 0,60 | 22 |
| | Svartelri | Austurr. | 0,10 | 3 |
| | Birki | Tumastöðum | 3,50 | 24 |
| | Birki | Kollaf. | 1,00 | 30 |
| | Birki | Hall. | 2,00 | 140 |
| | Reyniviður | Múlakot | 5,00 | 12 |
| | Úlfareynir | Múlakot | | 12 |
| | | | | 531 ÷ 27 = 504 |
| | | | 18,70 | |
| | | Samtals | 13,20 | 529 |
| | | | | 531 |

V. Lalla

Dreifsetning 1969.

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|----------|-----------------|-----------------------|---------|
| | Sitkagreni 1/0 | Yakutat | 1.400 |
| | Sitkagreni 1/0 | Robe Lake | 3.000 |
| | Sitkagreni 1/0 | Homer Hills | 8.000 |
| | Sitkagreni 1/0 | Fitz creek | 2.500 |
| | Sitkagreni 1/0 | Afognak Lake | 1.500 |
| | Sitkagreni 1/0 | Miller pt. Kodiak ... | 2.500 |
| B-590 | Sitkagreni 2/0 | Cordova | 17.100 |
| B-665 | Rauðgreni 2/0 . | Trysil | 74.000 |
| B-671 | Stafafura 2/0 . | Fort St. James | 9.100 |
| B-672 | Stafafura 2/0 . | Skagway | 58.300 |
| B-684 | Birki 1/0 | Bæjarstað | 9.600 |
| B-689 | Bergfura 2/0 .. | Ht. confl. | 27.200 |
| B-693 | Sitkagreni 2/0 | Seward | 15.700 |
| B-669 | Sitkagreni 3/0 | Kodiak | 14.700 |
| | | Samtals | 244.600 |

Garðplöntur dreifsettar 1969.

| | |
|-----------------------|-------|
| Birki 1/1 | 960 |
| Reyniviður 2/0 | 360 |
| Garðapýrnir 3/0 | 120 |
| Fjallaribs | 80 |
| Runnamura | 220 |
| Birkikvistur | 4.300 |
| Alaskaösp | 500 |
| Samtals | 6.540 |

Plöntur til dreifsetningar 1970.

=====

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|----------|-----------------|---------------------|--------------|
| B-615 | Rauðgreni 2/0 . | Namdalseid | 1.500 |
| B-702 | Rauðgreni 2/0 . | Namdalseid Gr. | 66.000 |
| B-711 | Stafafura 2/0 . | Skagway | 104.000 |
| B-718 | Bergfura 2/0 .. | Ht. confl. | 65.000 |
| B-684 | Birki 2/0 | Bæjarstað | 4.000 |
| B-712 | Sitkagreni 2/0 | Homer | 54.000 |
| B-713 | Sitkagreni 2/0 | Cordova | 55.000 |
| B-664 | Rauðgreni 2/0 . | Levanger | 47.000 |
| B-665 | Rauðgreni 3/0 . | Trysil | 22.000 |
| B-693 | Sitkagreni 3/0 | Seward | <u>4.500</u> |
| | | Samtals | 423.000 |
| | | | ===== |

Garðplöntur til dreifsetningar 1970

| Tegund | Fjöldi |
|------------------------------------|------------|
| A. Melonocarpa 1/0 | 6.500 |
| Fjallagullregn 2/0 | 800 |
| Silfurreynir 1/0 | 3.600 |
| C. acutifolia 1/0 | 1.500 |
| C. japonica 2/0 | 900 |
| R. Rubuginosa 2/0 | 2.000 |
| R. Rubrifolia 2/0 | 2.400 |
| Reyniviður 2/0 | 1.700 |
| Gráreynir 2/0 | 480 |
| Ribs 0/2 | 660 |
| Reyniviður 3/0 | 500 |
| S. daphnoides 0/1 | 255 |
| Cornus alba 0/1 | 225 |
| Symphoricarpos albus 0/1 | 85 |
| R. alpinum 0/1 | 260 |
| R. aureum 0/1 | 165 |
| P. bereolinensis 0/1 | 275 |
| Sólber Booskop Kjempe | 585 |
| Sólber Silvergieter's Zwarte | 325 |
| Sólber Bang up | 350 |
| Ribs Rauð Hollenzk | 320 |
| Ribs Hvít Hollenzk | <u>230</u> |
| Samtals | 24.115 |

Skógarplöntur afhentar 1969.
 =====

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|----------|------------------|------------------------|------------|
| B-672 | Stafafura 2/0 .. | Skagway | 4.275 ✓ |
| B-648 | Rauðgreni 3/0 .. | Meldal | 21.000 |
| B-650 | Stafafura 3/0 .. | Skagway | 28.650 ✓ |
| B-674 | Stafafura 3/0 .. | Petersburg | 11.000 ✓ |
| B-675 | Stafafura 3/0 .. | Sitka | 3.200 ✓ |
| B-682 | Bergfura 3/0 ... | Mistballe | 1.150 |
| B-655 | Bergfura 2/2 ... | <i>Mt. Louis</i> | 11.175 ✓ |
| B-632 | Sitkagreni 3/2 . | Sitka | 1.475 |
| B-564 | Douglasgreni 3/3 | Bluberry | 1.000 |
| B-566 | Douglasgreni 3/3 | | 1.000 |
| B-579 | Rauðgreni 3/3 .. | Stjördal | 48.475 ✓ |
| B-684 | Birki 2/0 | Bæjarstað | 9.610 ✓ |
| B-641 | Birki 3/0 | Bæjarstað | 4.025 ✓ |
| B-647 | Elri 3/0 | Næröy | 100 |
| B-590 | Sitkagreni 3/2 . | Cordova | <u>250</u> |
| Samtals | | | 146.385 |
| | | | ===== |

Dreifsetningarplöntur afhentar 1969.
 =====

| | | | |
|---------|------------------|---------------------------|------------|
| B-666 | Rauðgreni 2/0 .. | Namdalseid | 22.000 |
| B-671 | Stafafura 2/0 .. | Fort St. James | 25.400 |
| B-672 | Stafafura 2/0 .. | Skagway <i>Lbr.</i> | 18.700 |
| B-689 | Bergfura 2/0 ... | Ht. confl. | 9.000 |
| B-693 | Sitkagreni 2/0 . | Seward | 7.000 |
| B-641 | Birki 3/0 | Bæjarstað | 3.000 |
| B-647 | Elri 3/0..... | Næröy | <u>800</u> |
| Samtals | | | 85.900 |
| | | | ===== |

Skógarplöntur til afhendingar 1970.

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|----------|------------------|-----------------|--------------|
| Vor | | | |
| === | | | |
| B-650 | Stafafura 2/2 .. | Skagway | 21.400 |
| B-655 | Bergfura 2/2 ... | Mt. Louis | 8.000 |
| B-682 | Bergfura 2/2 ... | Mistballe | 12.200 |
| B-590 | Sitkagreni 3/3 . | Cordova | 5.400 |
| B-610 | Rauðgreni 3/3 .. | Mosvík | 59.000 |
| B-632 | Sitkagreni 3/3 . | Sitka | 2.900 |
| B-564 | Douglasgreni 3/4 | Bluberry | 500 |
| B-566 | Douglasgreni 3/4 | | 1.800 |
| B-641 | Birki 2/2 | Bæjarstað | <u>8.000</u> |
| Samtals | | | 119.200 |
| ===== | | | |

Haust

=====

| | | | |
|---------|------------------|--------------|---------------|
| B-667 | Rauðgreni 2/2 .. | Löten | 14.100 |
| B-648 | Rauðgreni 3/2 .. | Meldal | 18.500 |
| B-649 | Sitkagreni 3/2 . | Sitka | <u>19.500</u> |
| Samtals | | | 52.100 |
| ===== | | | |

Skógarplöntur til afhendingar 1970

=====

Samtals 171.300

=====

Garðplöntur afhentar 1969.
 =====

| Tegund | Fjöldi |
|-------------------------|----------------|
| Sitkagreni | 67 |
| Alaskaösp | 115 |
| Ribs | 101 |
| Birkikvistur | 1.207 |
| Birki | 612 |
| Viðja | 9.313 |
| Gráreyrnir | 130 |
| Reyniviður | 489 |
| Lúpínurætur | 875 |
| Gljávíðir | 15 |
| Elri | 115 |
| Úlfareynir | 46 |
| Runnamura | 25 |
| Fjallaribs | 19 |
| Garðaþyrnir | 10 |
| Þingvíðir | 50 |
| 16 aðrar tegundir | <u>28</u> |
| | Samtals 13.217 |
| | ===== |